

Alþingi
Erindi nr. P 128/613
komudagur 9.12.2002

Dr. Skúli Sigurðsson
Gast am Max-Planck Institut
für Wissenschaftsgeschichte
Wilhelmstrasse 44
D-10119 Berlin
BRD

Tel.: 004930+449.5082
e-mail: skuli@mpiwg-berlin.mpg.de

Berlin, má., 9. desember 2002

Umsögn um frumvörp til laga, þ.e.

**um Vísinda- og tækniráð, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, og um
opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífs.**

Umsögnin er samin að beiðni menntamála-, iðnaðar- og allsherjarnefndar Alþingis (sbr. bréf
nefndarritara Helgu E. Þórisdóttur til undirritaðs dagsett 9. desember 2002).

Vísað er til álits undirritaðs sem var samið að beiðni nefndanna þriggja og dagsett 8. apríl
2002 (8 tölusettir liðir; 4 bls.)

Það er **mjög ánægjulegt** að styrkir Rannsóknamámsjóðs verða ekki einskorðaðir við
rannsóknánám á Íslandi (sjá lið 5 í umsögn minni frá því á vordögum). Hins vegar virðist **ekki**
hafa verið **tekið tillit** til hinna athugasemdanna sjö að tölu og vísa ég því til þeirra hér,
sérstaklega þó liðar 3 og liðar 6. Þetta er **mjög miður**, því þannig hefur **ekki** verið nýtt
tækifæri sem hefði átt að gefast til þess að hlúa betur að rannsókn- og þróunarstarfi á Íslandi.
Auk þess bendir undirritaður á:

i) Það **skortir** óháða athugun á stöðu rannsókna á Íslandi þar sem beitt væri viðurkenndum
aðferðum á sviði vísindastjórnunar (e. science policy). Ilvernig á að vera unnt að meta þann
árangur sem vonandi verður af setningu þessara laga án þess að vita hver er upphafsstaðan á
þessu sviði?

ii) Í frumvarpi um Vísinda- og tækniráð **skortir** rökstuðning fyrir því af hverju Finnland var
haft til hlíðsjónar og það er **ekki** nægilegt að vísa til álits sérfróðra aðila nema að þeir séu
tilgreindir. Hlutlægur málflutningur þarf að vera gagnsær.

iii) Í sama frumvarpi segir orðrött: "Við gerð frumvarpsins var víða leitað fanga." Það er hins
vegar **ekki** vísað í neinar heimildir til stuðnings þessari fullyrðingu. Vísindastjórnun er mjög
blómleg grein. Af hverju **var ekki** stuðst við hana við gerð frumvarpanna?

Í ljósi alls þessa þarf að endurskoða frumvörpin þrjú frá grunni, vinna grunnvinnu á Íslandi og
styðjast þar við það besta á sviði alþjóðlegrar vísindastjórnunar.

Virðingarfyllst,

